

Ed.

312. Frumvarp til laga

[236. mál]

um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju við Fögruvík í Vatnsleysustrandarhreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 23. ágúst 1984 var ákveðið að fjármálaráðherra undirbyggi frumvarp til laga um heimild til ríkisábyrgðar á erlendu láni er Stálfélagið hygðist taka.

Stálfélagið hefur látið fjármálaráðuneytinu í té svofellda greinargerð um fyrirhugaða lántöku:

„Stálfélagið hf. áformar byggingu stálverksmiðju við Fögruvík í Vatnsleysustrandarhreppi til framleiðslu steypustyrktarstáls og stangastáls til smíða. Efnahagslegar forsendur framleiðslunnar eru fyrst og fremst stöðugur markaður innanlands fyrir afurðirnar, innlent brotajárn og hagstæð samkeppnisskilyrði vegna fjarlægðar annarra framleiðenda. Verksmiðja Stálfélagsins verður e. k. „mini“-verksmiðja, þ. e. lítil eining með staðbundnar rekstrarforsendur, notar ekki járngrýti sem hráefni. Talsvert hefur verið byggt af slíkum verksmiðjum í seinni tíð, í Bandaríkjunum hafa þannig verið byggðar um 40 „mini“-verksmiðjur síðustu tvo áratugina.

Halmstads Järnverk í Svíþjóð hefur síðustu árin haft stærstu markaðshlutdeild steypustyrktarstáls hérlendis. Verðið á stálinu í sænskum krónum hefur farið hækkandi og sem næst tvöfaldast frá 1977. Síðastliðinn vetur tryggði Stálfélagið sér á hagstæðum kjörum notaða verksmiðju sem var í eigu Halmstads Järnv. en það fyrirtæki keypti hana af fyrri eigendum fyrir nokkrum árum til þess að öðlast markaðshlutdeild hennar á sænska markaðnum.

Verksmiðjan er í mjög góðu ásigkomulagi, nýlega endurnýjuð, og hentar markaðsmöguleikum hér mjög vel. Samkvæmt áliti matsaðila um verksmiðjuna er óvenjulegt að hægt sé að finna notaðar verksmiðjur sem henta aðstæðum annars staðar. Halmstads Järnverk, sem verður einn af stærri hluthöfum Stálfélagsins, kemur til með að styðja Stálfélagið við uppbyggingu framleiðslunnar hér, bæði tæknilega og markaðslega.

Stofnfjárförf völsunarverksmiðjunnar er á núverandi verðlagi 103 millj. króna, sem fjármagnast með hlutfé að 30%, láni frá Norræna fjárfestingarbankanum að um 50% og leigukaupum á tækjum að 20%. Hlutfé skiptist þannig, að um 700 einstaklingar og 300 fyrirtæki innlend verða með 51%, Framkvæmdasjóður með 30% og Halmstads Järnv. með 19%. Tryggt hefur verið 13 millj. króna framlag Vatnsleysustrandarhrepps í formi aðstöðu- og fasteignagjalda fyrstu 5—10 árin, sem notað verður til uppbyggingar bræðslustöðvar. Áfram verður unnið að öflun hlutfjár í samræmi við samþykktir síðasta aðalfundar félagsins. Þannig er hátt eiginfjárhlutfall fyrirtækisins tryggt.

Afkastavextir fyrirtækisins eru áætlaðir yfir 15% á föstu verðlagi miðað við 15 ára rekstrartímabil og lægsta afurðaverð í Skandinavíu. Gert er ráð fyrir að arðsemismögu- leikarnir aukist þegar framleiðsla smíðastáls hefst sem áætlað er að verði um áramót 86/87 á svipuðum tíma og brotajárnsbræðsla byrjar. Fyrir liggja hagstæð tilboð í bræðslutæki sem lækka munu stofnkostnað bræðslustöðvar verulega frá því sem fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.“

Um 1. gr.

Um veitingu ábyrgðar samkvæmt grein þessari mun fara samkvæmt lögum og reglum um ríkisábyrgðasjóð. Ábyrgð verður því eigi veitt nema veð verði látin í té er séu fullnægjandi að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.